



## Stjórnarfundur 3 þriðjudaginn 7. október 2014 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Kristján Geir Guðmundsson, Dagbjört Víglundsdóttir í síma. Árni Jón Eggertsson.

Afboð og mættu ekki: Stefán Jóhannesson, Hreggviður Norðdahl og Brynja María Ólafsdóttir.

### Dagskrá

- Breytingar á stjórn
- Bikarkeppnin
- Landsliðin
- Mótahald
- Önnur mál

## Fundargerð

### Breytingar á stjórn

Aðalsteinn Einar Eymundsson hefur sagt sig úr stjórn BLÍ. Dagbjört Víglundsdóttir skipuð gjaldkeri stjórnar BLÍ. Kristján Geir Guðmundsson skipaður ritari og Hreggviður Norðdahl kemur inn sem fyrsti varamaður í stöðu meðstjórnanda.

### Bikarkeppni

Mótanefnd skilaði inn tillögu að því að leikið verði einungis ein undankeppni. Samþykkt. Nokkur umræða fór fram um mótssstað þar sem tveir komu til greina, Varmá og Neskaupstaður. Litið er til þess að hingað til hafa tvær undankeppnir verið þar sem önnur hefur verið á landsbyggðinni og hin á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið var að undankeppnin verði haldin í Neskaupstað frá föstudegi til sunnudags, dagana 21.-23. nóvember 2014. Þannig dreifist leikjaálag enda hvert lið að spila 6 leiki á sömu helginni.

### Landsliðin

U19 að fara út í næstu viku. Allt að verða klárt fyrir ferðina, fararstjóri er Brynja María Ólafsdóttir og með henni fer Bjartmar Birnir sem sjúkraþjálfari. Daniele verður aðalþjálfari stúlkanna og Filip verður með drengina. Jón Ólafur og Sævar fara með í ferðina sem dómarar. Skipulag vegna U17 ára ferðarinnar er að klárast einnig. Fararstjóri verður Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir og Munda fer með sem sjúkraþjálfari. Dómarar verða Kristján Geir og Sigurbjörn Árni. Þá er að fara í gang skipulagning vegna A landsliðsferðar til Luxemborgar 1. – 5. janúar.

### Mótahald

Allt er í lagi með mótahaldið. Íslandsmótin að komast af stað. Nokkuð hefur verið um kvartanir vegna staðarvals í neðri deildunum en þó ekki alvarlegt.

### Önnur mál

Ólafur J sendi inn erindi vegna Vormóts BLÍ og aðkomu landsliðsmanna að því að skipuleggja mótið. Honum verður svarað til að athuga með tímasetningu á slíku móti og hvort það henti inn í viðburðadagatalið.

Dómarareglur lagðar fyrir fundinn og samþykktar.

Strandblaknefndarmál rædd. Þarf að koma á fót þeirri nefnd fyrr en síðar.

*Fleira var ekki rætt á fundinum*

*Fundi slitið kl. 18:10*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*